

Viðauki III

við samning um milli- og löginheimtu milli annars vegar Reykjavíkurborgar og hins vegar Gjaldheimtunnar ehf. og Momentum ehf., dagsettur 30. nóvember 2017, sbr. viðauka dags. 8. júní 2022 og viðauka dags. 16. desember 2022.

Með viðauka dags. 8. júní 2022 var framlengdur samningur um milli- og löginheimtu dags. 30. nóvember 2017 milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, sem verkkaupa og Gjaldheimtunnar ehf., kt. 711003-2230 og Momentum ehf., kt. 691200-2050, sameiginlega sem verktaka, með vísan til 3. mgr. 4. gr. samningsins og gildir hann um allar kröfur stofnaðar á tímabilinu 1.1.2023 til og með 31.12.2024.

Með viðauka dags. 16. desember 2022 voru gerðar breytingar á 1. og 2. mgr. 8. gr. samningsins sem fólu í sér að Inkasso-Momentum ehf., kt. 630413-0360, og Gjaldheimtan ehf., kt. 640214-5800 (á þeim tíma nefnt Lög og innheimta ehf.) gerðust aðilar að fyrrnefndum samningi.

Með vísan til framangreinds og 3. mgr. 4. gr. samnings um milli- og löginheimtu dags. 30. nóvember 2017 eru Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, sem verkkaupi og Inkasso ehf., kt. 630413-0360, og Gjaldheimtan ehf., kt. 640214-0580, sameiginlega sem verktakar, sammála um að framlengja gildistíma samningsins um tvö ár og gera með því eftirtaldar breytingar á framangreindum samningi:

1. Í stað 1. mgr. 4. gr. samningsins kemur svohljóðandi ný málsgrein:

„Samningurinn gildir um kröfur stofnaðar á tímabilinu frá 1.1.2025 til og með 31.12.2026.“

Önnur ákvæði samningsins standa óbreytt.

Viðauki þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

*** Viðauki þessi er rafrænt undirritaður ***

Reykjavík, 6. desember 2024

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Gjaldheimtunnar ehf.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og
áhættustýringarsviðs

Sigurður Rúnar Birgisson,
framkvæmdastjóri

f.h. Inkasso-Momentum ehf.

Guðmundur H. Magnason
framkvæmdastjóri